

Dags eftirlits	10.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kjartan Guðmundsson
Fyrirtæki	Háskóli Íslands	Eftirlitsmaður	Kjartan Guðmundsson
Heimili	Klettagörðum 6	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6001692023	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Páll Þór Ingvarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Guðrún Rútsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik og engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í rannsóknaraðstöðu Háskóla Íslands að Klettagörðum 6 í samræmi við ákvæði laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur og reglugerðar nr. 275/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Almenn ákvæði (kafla 1 í leyfi)
- Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kafla 2 í leyfi)
- Innra eftirlit og starfshættir rekstraraðila (kafla 3 í leyfi)
- Eftirlit (kafla 4 í leyfi)
- Skoðunarferð

Leyfið var gefið út 8. nóvember 2024 og gildir til 8. nóvember 2040. Það nær til afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra örvera í flokki 1 og kveður á um umfang starfseminnar. Rekstraraðila er heimil rannsóknarstofustarfsemi með erfðabreyttar örverur í afmörkunarflokki 1 samkvæmt reglugerð nr. 275/2002. Þar er um að ræða framleiðslustofna m. a. af *Escherichia coli*, *Bacillus subtilis* og skilgreindar spendýrafrumulínur frá viðurkenndum dreifingaraðilum. Aðallega er unnið með *E. coli* og er umfangið í samræmi við leyfið.

Við eftirlitið var farið yfir úrgangsstjórnun, innra eftirlit, öryggisráðstafanir, verklag og viðbragðsáætlanir. Fram kom að þessir þættir eru í samræmi við ákvæði leyfis og gildandi reglur.

Í skoðunarferð á aðstöðu var yfirfarinn búnaður, aðgangsstýring, merkingar, hlífðarfatnaður, geymsla efna og meðhöndlun spilliefna. Á rannsóknarstofum var góður aðbúnaður, verklag til fyrirmyndar og aðstaðan í heild sinni snýrtilæg.

Í framhaldi af eftirlitinu var óskað eftir uppfærðri neyðaráætlun og áætlun vegna rekstrarstöðvunar og bárust þær stofnuninni þann 29. september 2025.

Reykjavík, 13.10.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Kjartan Guðmundsson